

67  
7. ágúst

## Reglugjörð um sölu áfengis til lækninga.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 62, 27. júní 1921 er sett þessi reglugjörð um sölu áfengis til lækninga.

### 1. gr.

1. Um innflutning lyfja sem áfengi er í fer eftir 1. gr. nefndra laga.
2. Rjett er að hjeraðslæknar, sem lyfsölurjett hafa, afli sjer allra löggiltra áfengislyfja frá áfengisverslun ríkisins eða einhverri lyfjabúð hjer á landi og sendi þá jafnan skriflega, sundurliðaða kaupbeiðni. En seljandi skal geyma allar slíkar kaupbeiðnir.
3. Þá er smáskamtalæknum heimilt að kaupa áfeng smáskamtalyf og vínanda í lyfjapynningar sínar í lyfjabúðum. En þeir skulu þá, eins og hjeraðslæknar, jafnan senda skriflega, sundurliðaða kaupbeiðni, og fylgi hverri slíkri kaupbeiðni meðmæli frá hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarpresti. Má vínanda-skamturinn samtals ekki fara fram úr 3 lítrum á ári, nema landlæknir gefi leyfi til. Þessar kaupbeiðnir skal seljandi geyma, sbr. 2. lið þessarar greinar.

### 2. gr.

Lyfsölum og læknum er ekki heimilt að selja ómengað áfengi (spíritus), hvorki óblandað, nje blandað öðrum efnum, til neins annars en lækninga, sjúkdómarannsóknna og annara iðkana í læknavísindum, nema um sölu á vínanda til iðnþarfa sje að ræða samkvæmt áfengisbók, sbr. reglugjörð dagsetta í dag, um sölu á iðnaðaráfengi, suðuvökva o.fl. Er læknum stranglega bannað að afhenda eða ávísa áfengi í þeim tilgangi, að það verði öðruvísi notað. Þetta gildir einnig um dýralækna og smáskamtalækna.

### 3. gr.

Ekkert ómengað áfengi (spíritus), óblandað eða vatnsblandað, nje heldur löggilt lyfjavín (vina medicata) má láta út úr lyfjabúð, nema eftir löglegri beiðni sbr. 1. gr., eða lyfseðli frá lækni, þar með taldir dýralæknar, og ekki nema einu sinni eftir sama lyfseðli; skal honum haldið eftir í lyfjabúðinni.

Á ílát hvers áfengislyfs, sem látið er af hendi eftir lyfseðli, skal jafnan, auk nafns lyfjabúðarinnar og fyrirsagnar um notkunina, einnig rita sjálfa forskriftina.

## 4. gr.

Í hverri lyfjabúð skal hafa þrjár bækur til vitnis um áfengissölu:

67

7. ágúst

## a. Áfengisbók.

Í hana skal rita allt það áfengi og vínföng, sbr. 3. gr., sem selt er eftir kaupbeiðnum hjeraðslækna og smáskamtalækna, eða lyfseðlum mannalækna eða dýralækna. Þessari bók skal haga sem hjer segir:

Dagsetning kaupb. eða lyfseðils.	Nafn læknisins.	Nafn og heimili kaupanda (sjúklings, læknis).	Hve mikið selt af vínanda óblönduðum eða vatnsblönduðum [„brennivín“].	Konjak	Portvín	Sherry	Rauðvín	Malaga

Þegar áfengisbók er útskrifuð, skal senda hana lyfsölustjóra, sem geymir hana í skjalasafni sínu.

## b. Vinnustofubók („Laboratoriumsjournal“).

Í hana skal rita öll þau lyf, sem búin eru til eða sett saman í lyfjabúðinni og er í þeim áfengi. Skal þess getið við hvert lyf, hvenær það var búið til, hve mikið af því, og hve mikið áfengi (spir. conc.) fór í það. Lyfsölustjóri ræður annars fyrirkomulagi á þessari bók.

## c. Eyðslubók.

Í hana skal lyfsali rita, í lok hvers mánaðar, hversu mikið hann hefir selt af áfengi og lyfjavínum, sbr. 3. gr. og a-lið og b-lið þessarar greinar. Í þeirri bók skal þess greinilega getið, hversu mikið af áfengi og lyfjavínum hafi verið selt hjeraðslæknum og tilfærð nöfn þeirra. Að öðru leyti ræður lyfsölustjóri tillögum þessarar bókar. Í lok hvers mánaðar skal hver lyfsali senda lyfsölustjóra mánaðarafrit úr þessari bók sinni.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hjeraðslækna, sem hafa rjett til lyfjasölu, en þeir skulu samt skyldir til að halda eyðslubók um alt áfengi og öll vín, er þeir láta úti. Bókin skal færð jafnóðum og úti er látið.

67

7. ágúst

5. gr.

Þegar læknir gefur út lyfseðla upp á áfengi eða lyfjavín, sbr. 3. gr., skal hann rita þá á sjerstök eyðublöð, sem landlæknir lætur úti í heftum með 50 tvöföldum tölusettum eyðublöðum í hverju hefti. Skal læknir skrifa á hvern seðil, auk nafns lyfsins og þyngdar, nákvæma fyrirsögn um notkun þess, útgáfudag seðilsins, nafn sitt og nafn og heimili sjúklingsins.

Læknir skal jafnan, er hann gefur út slíkan lyfseðil, skrifa fult afrit af honum á viðfesta blaðið í heftinu. Læknir fær því aðeins ný hefti, að hann sendi landlækni með beiðninni jafnmörg útnotuð hefti, með öllum afritunum í.

Hjeraðslæknar, sem sjálfir hafa lyfjaverslun eru hver í sínu hjeraði undanþegnir fyrirmælum þessarar greinar.

6. gr.

Ekki má læknir (mannalæknir) ávísa neinum meira í einu hvorki sjálfum sjer nje öðrum en sem svarar 210 gr. af spíritus concentratus, eða  $\frac{1}{2}$  flösku af konjaki, eða  $\frac{1}{1}$  flösku af öðrum vínunum, sem löggilt eru til lækninga, og ekki aftur sama viðtakanda fyr en liðnar eru 3 nætur frá því að kaupin gátu átt sjer stað..

Heimilt skal þó lækni að ávísa meira í einu en hjer er ákveðið ef:

- a) Lög eða reglugjörðir mæla svo fyrir, t. d. til notkunar á skipum, sem fara í langferðir o. þvíl.
- b) Ef hann telur þess brýna þörf, t. d. handa sjúklingi, sem býr mjög langt frá læknum, og ef hann þekkir sjúklinginn að því, að hann muni ekki nota áfengið til nautnar. Skal þá jafnan stuttlega geta um ástæðuna á lyfseðlinum og afritinu.

7. gr.

Fyrir 1. október 1922 skal hver læknir landsins, bæði mannalæknar og dýralæknar, senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sundurliðaða skýrslu um það áfengi og það vín, sem læknir telur sig þurfa um árið til lækninga, og ennfremur skal hver lyfjabúð innan sama tíma senda ráðuneytinu sundurliðaða skýrslu, um það áfengi og þau vín, er lyfjabúð telur sig þurfa um árið. Heilbrigðisstjórnin ákveður síðan hve mikið áfengi og vín hverjum lækni og hverri lyfjabúð verði mest látið í tje um árið.

8. gr.

Um brot gegn þessum reglum fer eftir fyrirmælum laga nr. 91, 1917, laga nr. 38, 1911 og laga nr. 62, 1921.

9. gr.

Þessar reglur ganga í gildi 1. september 1922. Jafnframt eru úr gildi numdar reglur landlæknis um sölu lyfja, sem áfengi er í, frá 15. apríl 1920.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. ágúst 1922.

**Sig. Eggerz.**

---

Sigfús M. Johnsen.